

Sextánda fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 1.febrúar 2013 kl. 13 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins. Fyrir hönd kennara mættu Guðný Róbertsdóttir. Fyrir hönd nemendaráðs skólans mættu Karen Ósk Jónsdóttir og Hrefna Rebekka Ólafsdóttir. Karitas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi mætti á fundinn. Ríkey Sigurbjörnsdóttir sitjandi skólastjóri stjórnaði fundi

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Skólastjóri fór yfir síðustu fundargerð.

**2. Opinn fundur um skólamál í Fjallabyggð 14.febrúar n.k. Hugmyndavinna.**

Fundarmenn veltu fyrir sér mögulegum erindum á opinn fund um skólamál fyrir aðila skólasamfélagsins sem haldinn er nú í annað sinn en slíkur fundur var haldinn 14.febrúar á síðasta ári og tókst vel. Fundurinn nú er fyrirhugaður 14.febrúar n.k. kl. 17.30 í Tjarnarborg. Hugmyndir að erindum sem fram komu á fundinum voru:

- **Netöryggi, athuga með erindreka frá SAFT.** Þessi hugmynd hafði komið á síðasta fundi skólaráðs. Í því sambandi dreifði Ríkey skólastjóri fréttatilkynningu frá SAFT um Alþjóðlega netöryggisdaginn, 5.febrúar 2013. Í framhaldi var ákveðið að skólastjóri sendi fréttatilkynninguna á foreldra þar sem mögulegt er að fylgjast með henni í beinni útsendingu á netinu.
- **Kynfræðingurinn Sigríður Dögg sem heimsótti nemendur unglingsstigs í vetur og hélt fámennan foreldrafund í kjölfarið.**
- **Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur – fjalla um einelti, forvarnir og netöryggi**
- **Námsráðgjafi – fjalla um hvernig foreldrar geta eflt félagslega stöðu barna sinna eftir að skóla lýkur á daginn.**
- **Forvarnarstefna Fjallabyggðar – Gísli Rúnar Gylfason**
- **Páll Óskar Hjálmtýsson – „Fáðu Já“**

Karitas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi hefur tekið að sér að undirbúa og skipuleggja fundinn. Hún mun hafa samband við Gunnar Smára formann foreldrafélagsins. Hún mun fara í að athuga hvaða möguleikar eru í stöðunni og hugmyndir hægt er að nýta.

**3. Önnur mál**

Fram kom ósk um að færa fundartímamál til 13.15 og var ákveðið að verða við því.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.50

Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri.